

Uppgjör Origo hf. á fyrri árshelmingi 2018

EBITDA 235 mkr á öðrum ársfjórðungi 2018 og hækkar um 11% á milli ára

REYKJAVÍK - 22. ágúst 2018 - Origo kynnti í dag uppgjör annars ársfjórðungs og fyrri árshelmingis 2018

Helstu upplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.731 mkr á öðrum ársfjórðungi (3,4% tekjuaukning frá F2 2017) og 7.512 mkr á fyrri árshelmingi (1,2% tekjusamdráttur frá 1H 2017) [F2 2017: 3.608 mkr, 1H 2017: 7.605 mkr]
- Framlegð nam 1.010 mkr (27,1%) á öðrum ársfjórðungi og 1.917 mkr (25,5%) á fyrri árshelmingi 2018 [F2 2017: 904 mkr (25,0%), 1H 2017: 1.880 mkr (24,7%)]
- EBITDA nam 235 mkr (6,3%) á öðrum ársfjórðungi og 336 mkr (4,5%) á fyrri árshelmingi [F2 2017: 211 mkr (5,9%), 1H 2017: 453 mkr (6,0%)]
- Heildarhagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 15 mkr, en 11 mkr heildatap var á fyrri árshelming [F2 2017: 166 mkr, 1H 2017: 237 mkr]
- Heildarhagnaður án IFRS á öðrum ársfjórðungi nam 27 mkr, en 12 mkr heildarhagnaður án IFRS á fyrri árshelmingi
- Eiginfjárlutfall var 39,8% í lok fyrri árshelmingis, en var 41,6% í árslok 2017
- Starfsmenn innleystu kauprétti að kaupvirði 112 mkr á fyrsta ársfjórðungi sem var til greiðslu í apríl
- Samkomulag var gert um einkaviðræður um kaup HPE Growth Capital á þriðjungshlut í Tempo ehf.

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Afkoma Origo og dótturfélaga var mun betri á öðrum ársfjórðungi en þeim fyrsta og heldur betri en á sama tímabili í fyrra. Tekjur vaxa aftur hjá okkur eftir tekjusamdrátt á fyrsta fjórðungi og framlegð hefur batnað. Rekstur samstæðu og allra helstu eininga hefur styrkst eftir því sem liðið hefur á árið, í samræmi við áætlanir og hagræðingarvinnu.

Við sjáum jákvæða þróun í rekstri samstæðunnar og í ýmsum verkefnum sem hafa verið í vinnslu undanfarna mánuði og misseri. Þar ber hæst að góður áfangi náðist í sölufæri á eignarhlut í Tempo, en í síðustu viku var undirritað samkomulag um áreiðanleikakönnun og einkaviðræður um sölu á um þriðjungshlut í félaginu til HPE Growth Capital, sem er alþjóðlegt fjárfestingafélag sem sérhæfir sig í fjárfestingum í ört vaxandi tæknifyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að salan gangi í gegn eftir um 6-7 vikur, en miðað er við að heildarvirði Tempo sé USD 62,5 milljónir. Til viðbótar er svo gert ráð fyrir að HPE leggi Tempo til umtalsvert fjármagn til þróunar og vaxtar.

Þetta samkomulag er með öllum hefðbundnum fyrirvörum m.a. um áreiðanleikakönnun, en er engu að síður mikilvæg staðfesting á því að hægt er að byggja upp verðmæt, alþjóðleg tæknifyrirtæki á Íslandi, sem skapar verulegt virði fyrir þjóðarþú og fjölda eftirsóknarverðra starfa. Það er full ástæða til að staldra við, m.a. í tengslum við launaþróun og kjarasamninga framundan og huga að mikilvægi þess að aðstæður verði áfram góðar hérlendis fyrir rekstur af þessu tagi.

Samkomulagið við HPE er jafnframt viðurkenning á ötulu starfi starfsfólks Tempo og Origo, en Tempo hefur á 10 árum breyst úr hugmynd á skrifborði yfir í 100 manna fyrirtæki með starfsemi í Evrópu og N-Ameríku, veltir ríflega USD 20 milljónum, þjónar um 12.000 viðskiptavinum í 120 löndum og tekjuvöxtur er mjög hraður. Rekstur Tempo gekk vel á fjórðungnum og benda allir helstu mælikvarðar í jákvæða átt. Heildartekjur jukust um 28% á fjórðungnum og námu 5 mUSD. Tekjur síðustu 12 mánaða hafa því aukist um 30% og standa nú í 20,7 mUSD. Áskriftartekjur aukast áfram hratt og fara nú í fyrsta skipti yfir 40% af heildartekjum, reynsluáskriftum (e. trials) fjölga á milli tímabila og góð söluaukning er í gegnum endursöluaðila, sem nú telja 140 um allan heim. Lausnaframboð heldur svo áfram að eflast, en á næstu mánuðum verður nokkrum nýjum þjónustum hleypt af stokkunum, sem verða undirstöður nýrra tekjustrauma Tempo.

Það er sérlega ánægjulegt að reyndir alþjóðlegir fjárfestar hafa svipaða sýn á tækifærin í rekstri Tempo. Við hlökkum til að styðja félagið til frekari vaxtar, væntanlega í samstarfi við HPE Growth Capital, sem mun skila sér í auknum verðmætum fyrir hluthafa Origo. Það er okkar mat að áframhaldandi eignarhald Origo á meiri hluta í Tempo sé afar mikið hagsmunamál fyrir hluthafa enda líklegt að verðmætasköpun næstu ár verði veruleg.

Það miðar einnig vel á fleiri stöðum í starfsemi Origo. Mikill tekjuvöxtur var hjá Viðskiptalausnum á fjórðungnum, enda hefur markhópurinn verið breikkaður með nýju lausnaframboði Dynamics NAV og Timian, margar nýjar innleiðingar á Kjarna, mannauðs- og launakerfi, hafa gengið eftir auk þess sem SAP S4/HANA hefur náð góðri fótfestu hjá stærri fyrirtækjum hérlandis. Svipað er uppi á teningnum hjá Hugbúnaðarlausnum, mikil spurn eftir ráðgjöf og þróun á stafrænni þjónustu, bæði eigin lausnum eins og Caren og CCQ og sérlausnum fyrir viðskiptavinum.

Tekjur Rekstrarþjónustu og Innviða voru heldur undir því sem vænst var, sem helgast annars vegar af almennum samdrætti í sölu á búnaði fyrir miðlæga tölvuinnviði og hins vegar af tímabundnum samdrætti í tengslum við þjónustusamninga hjá stórum viðskiptavinum. Það er þó jákvætt að afkoma er heldur að styrkjast yfir tímabilið.

Eftir rólega fyrstu mánuði ársins gekk sala á notendabúnaði, PC tölvum, hljóð og myndbúnaði mjög vel á fjórðungnum. Æ stærri hluti sölu notendalausna fer nú í gegnum netverslun, sem er bæði hagkvæm leið fyrir Origo og þægileg fyrir viðskiptavinum.

Yfir það heila erum við sátta við árangur á öðrum ársfjórðungi. Sá þriðji fer svo ágætlega af stað, sölupípan er góð og almennt mikill áhugi á þeim lausnum sem við höfum að bjóða. Við höfum hins vegar áfram áhyggjur af því að fjölmargir kjarasamningar eru lausir á komandi mánuðum og mikilvægt að samningsaðilar komi sér saman um farsæla lausn sem ekki ýtir undir óstöðuleika í hagkerfinu.”

Rekstrarreikningur - fyrri árs helmingur 2018

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	1H 2018	1H 2017
Seldar vörur og þjónusta	7.512	7.605
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(5.595)	(5.725)
Framlegð	1.917	1.880
Rekstrarkostnaður	(1.919)	(1.705)
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1)	174
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(6)	105
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(8)	279
Tekjuskattur	1	(32)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(7)	248
Þýðingarmunur dótturfélaga	(4)	(11)
Heildar(tap) - hagnaður tímabilsins	(11)	237
EBITDA	336	453

- Sala á vöru og þjónustu nam 7.512 mkr á fyrri árs helmingi samanborið við 7.605 mkr á sama tímabili árið 2017, eða lækkun upp á 1,2%
- Framlegð nam 1.917 mkr (25,5%) á fyrri árs helmingi samanborið við 1.880 mkr (24,7%) á sama tíma í fyrra
- Rekstrarkostnaður var 1.919 mkr (25,5% af tekjum) samanborið við 1.705 mkr (22,4% af tekjum) á sama tímabili 2017
- EBITDA lækkar úr 453 mkr (6,0%) á fyrri árs helmingi 2017 í 336 mkr (4,5%) á fyrri árs helmingi 2018
- Hreinar fjármunatekjur voru 105 mkr á fyrri árs helmingi í fyrra vegna 145 mkr gengishagnaðar gjaldmiðla. Á fyrri árs helmingi 2018 námu fjármagnsgjöld 6 mkr, ástæðan er minni gengishagnaður og vaxtatekjur samanborið við sama tímabil í fyrra
- Heildatap fyrri árs helmingis 2018 nam 11 mkr, samanborið við hagnað upp á 237 mkr á fyrri árs helmingi 2017
- Heildarhagnaður án IFRS er 12 mkr á fyrri árs helmingi

Efnahagsreikningur 31.06.2018

Efnahagsreikningur 30.06.2018		
Í milljónum ISK	30.06.2018	31.12.2017
Fastafjármunir	3.954	3.817
Veltufjármunir	3.036	3.218
Eignir samtals	6.990	7.035
Eigið fé	2.779	2.928
Langtímaskuldir	1.598	1.637
Skammtímaskuldir	2.612	2.470
Eigið fé og skuldir samtals	6.990	7.035
Veltufjárhlutfall	1,16	1,30
Eiginfjárhlutfall	39,8%	41,6%

- Veltufjármunir lækka um 182 mkr á fyrri árshelmingi 2018, þar sem viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur lækka um 330 mkr og handbært fé um 121 mkr. Á móti hækka birgðir um 268 mkr
- Eiginfjárhlutfall er nú 39,8%, en var 41,6% í lok árs 2017
- Veltufjárhlutfall lækkar og er 1,16 í lok fyrri árshelmings 2018, en var 1,3 í árslok 2017
- Vaxtaberandi skuldir lækka um 42 mkr á tímabilinu og eru nú 1.708 mkr
- Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækka um 145 mkr á tímabilinu og eru nú 2.503 mkr

Sjóðstreymi 1.1.2018 - 30.06.2018

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	1.1.-30.6. 2018	1.1.-30.6. 2017
Handbært fé frá rekstri	201	332
Fjárfestingarhreyfingar	(387)	(354)
Fjármögnunarhreyfingar	69	(292)
Lækkun á handbæru fé	(117)	(314)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(4)	(8)
Handbært fé í ársbyrjun	297	872
Handbært fé í lok tímabilsins	176	550

- Handbært fé frá rekstri nam 201 mkr í lok fyrri árshelmings 2018 samanborið við 332 mkr á sama tímabili 2017
- Fjárfestingahreyfingar námu 387 mkr á fyrri árshelmingi 2018 samanborið við 354 mkr á fyrri árshelmingi 2017
- Fjármögnunarhreyfingar námu 69 mkr á fyrri árshelmingi 2018 samanborið við neikvæða hreyfingu upp á 292 mkr á sama tímabili 2017
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 176 mkr samanborið við 550 mkr í lok fyrri árshelmings 2017

Rekstrarniðurstaða á öðrum ársfjórðungi 2018

Ársfjórðungsfirlið - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F2 2018	F1 2018	F4 2017	F3 2017	F2 2017
Seldar vörur og þjónusta	3.731	3.781	3.944	3.515	3.608
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(2.722)	(2.874)	(2.901)	(2.656)	(2.705)
Framlegð	1.010	908	1.044	859	904
Rekstrarkostnaður	(948)	(971)	(965)	(774)	(827)
Rekstrarhagnaður (tap)	61	(63)	79	86	77
Hrein fjármagnsgjöld	(35)	28	76	(83)	133
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	27	(35)	155	3	210
Tekjuskattur	(6)	7	19	9	(29)
Hagnaður (tap) tímabilsins	21	(28)	174	12	181
Þýðingarmunur dótturfélaga	(6)	2	(6)	17	(15)
Heildar(tap) -hagnaður tímabilsins	15	(26)	167	29	166
EBITDA	235	102	246	229	211

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.731 mkr á öðrum ársfjórðungi samanborið við 3.608 mkr á sama tímabili árið 2017, sem er aukning um 3,4%
- Framlegð nam 1.010 mkr (27,1%) á öðrum ársfjórðungi 2018 samanborið við 904 mkr (25,0%) á sama tímabili árið 2017
- Rekstrarkostnaður nam 948 mkr (25,7% af tekjum) á öðrum ársfjórðungi 2018 samanborið við 827 (22,9% af tekjum) á öðrum ársfjórðungi 2017.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 35 mkr í fjórðungnum samanborið við fjármunatekjur upp á 133 mkr á sama tíma í fyrra. Ástæða þessa mismunar má rekja til gengishagnaðar af framvirkum samningi á erlendum gjaldmiðlum sem var í gildi árið 2017. Samningurinn féll úr gildi í fyrsta ársfjórðungi 2018.
- EBITDA nam 235 mkr (6,3%) á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 211 mkr (5,9%) á sama tímabili í fyrra
- Heildarhagnaður annars ársfjórðungs nam 15 mkr (0,4%) samanborið við 166 mkr (4,6%) á öðrum ársfjórðungi 2017

Tekjuaukning hjá Origo móðurfélagi

Tekjur Origo móðurfélags á öðrum ársfjórðungi námu 2.969 mkr (3,7% tekjuvöxtur frá fyrra ári) og 6.009 mkr á fyrri árshelmingi (sama og 1H 2017). Tekjur af vörusölu lækkuð á fjórðungnum en þjónustutekjur hafa aukist og sala á eigin hugbúnaði hefur aukist verulega, eða um 49%, sé miðað við sama tímabil í fyrra.

Vaxandi eftirspurn eftir rekstrarþjónustu

Sala á þjónustu og lausnum hjá **Rekstrarþjónustu og Innviðum** var 959 mkr á öðrum ársfjórðungi (14,8% tekjusamdráttur frá F2 2017) og 2.085 mkr (13,2% tekjusamdráttur frá 1H 2017). Ein meginskýringin er minni sala á miðlægum tölvubúnaði. Aukin eftirspurn var hins vegar eftir þjónustu og útseldri vinnu sem er í takt við almenna þróun hjá fyrirtækjum sem bjóða upp á rekstrarþjónustu í upplýsingatækni. Verkefnastaða hefur verið að styrkjast síðustu mánuði og eru horfur í rekstri ágætar.

Kraftur í sölu á notendabúnaði

Vöxtur í sölu hjá **Notendalausnum** Origo nam 20% á öðrum ársfjórðungi, miðað við sama tímabil í fyrra. Tekjur námu 1.199 mkr á öðrum ársfjórðungi og um 2.249 mkr á fyrri árshelmingi (7,6% tekjuvöxtur frá 1H 2017). Töluverð eftirspurn var eftir Lenovo tölvubúnaði og 60% aukning var í sölu á sjónvörpum og myndavélum frá Sony. Góður vöxtur var í sölu á hljóð- og myndlausnum frá Bose og NEC til fyrirtækja og einstaklinga. Eftirtektarverður árangur náðist hjá netverslun Origo, eða 80% aukning milli ára, en þar hefur verið lögð áhersla á öfluga markaðssókn og nýjar boðleiðir sem hafa skilað árangri, stafræna þróun og aukna þjónustuupplifun. Niðurstaða á fyrri helmingi árs er vel viðunandi, sérstaklega í ljósi þess að fyrstu mánuðir þess voru litaðir af vöruskorti í mikilvægum vöruflokkum. Söluhorfur á notendabúnaði eru góðar.

Mikill áhugi á öryggistengdum hugbúnaðarlausnum.

Rekstur **Hugbúnaðarlausna Origo** gekk vel í fjórðungnum og batnaði afkoma verulega frá fyrsta fjórðungi. Tekjur námu 475 mkr í öðrum ársfjórðungi (3,6% tekjusamdráttur frá F2 2017) og 917 mkr á fyrri árshelmingi (6,2% tekjusamdráttur frá 1H 2017). Mikil eftirspurn var og er eftir þjónustu hugbúnaðarsérfræðinga og sala hugbúnaðarleyfa frá þriðja aðila gekk vel. Eftirspurn eftir nýjum vörum sviðsins, Caren, heildarlausn fyrir bílaleigur, og CCQ gæðastjórnunarlausn, var góð.

Vaxandi áhugi er á öryggislausnum og öryggistengdri ráðgjöf og þjónustu sviðsins. Origo var valið samstarfsaðili ársins í öryggislausnum hjá IBM, sem er mikil viðurkenning frá stærsta fyrirtæki heims á því sviði. Gæðastjórnunarlausnin CCQ komst í lokaúrslit Beacon nýsköpunarkeppni tæknirisans IBM á THINK tæknimessunni í Las Vegas. IBM á THINK tæknimessunni í Las Vegas. IBM á THINK tæknimessunni í Las Vegas. IBM á THINK tæknimessunni í Las Vegas.

Í fjórðungnum var skipulagi sviðsins breytt til að styðja enn betur við þessar lausnir og þjónustu til viðskiptavina. Verkefnastaðan er góð og horfur í rekstri eru ágætar.

Viðskiptavinir aldrei fleiri hjá Viðskiptalausnum

Tekjuvöxtur var hjá öllum einingum **Viðskiptalausna Origo** í öðrum ársfjórðungi og afkoman betri en í fyrra. Tekjur námu 354 mkr í öðrum ársfjórðungi (41,6% tekjuvöxtur frá F2 2017) og 744 mkr á fyrri árshelmingi (45% tekjuvöxtur frá 1H 2017). Lausnaframboð Viðskiptalausna nær nú til breiðari markhóps og fjöldi viðskiptavina aldrei verið meiri. Ein af ástæðunum er að Dynamics NAV lausnir, Timian innkaupakerfi og Kjarni mannauðs- og launakerfi eru nú hluti af lausnaframboði Viðskiptalausna. Enn fremur eru veruleg tækifæri í sölu á SAP S/4HANA viðskiptalausn, sem hefur náð fótfestu í mörgum stærri fyrirtækjum á Íslandi. Verkefnastaða er góð og útlitið gott fyrir seinni hluta árs.

Afkomu undir væntingum hjá Applicon í Svíþjóð

Ágætt eftirspurn er áfram eftir þjónustu dótturfélagsins **Applicon í Svíþjóð**, sem leggur áherslu á lausnir fyrir meðalstóra banka og fjármálafyrirtæki. Tekjur námu 22 mSEK í öðrum ársfjórðungi (2% tekjusamdráttur frá F2 2017) og 45 mSEK á fyrri árshelmingi (6% tekjusamdráttur frá 1H 2017). Lækkun tekna má m.a. rekja til samdráttar í sölu á hugbúnaðarleyfum frá þriðja aðila og meiri fjárfestingu í þróun nýrra lausna m.v sama tímabil í fyrra. Taka skal fram að 1H 2017 var mjög tekjuhár í sögulegu samhengi. Applicon hefur fest sig í sessi sem leiðandi fyrirtæki í lausnum fyrir meðalstóra banka og fjármálafyrirtæki í Skandinavíu og er í lykilstöðu til að styðja sífellt fleiri banka sem huga að kerfisbreytingum til að leysa að hólmi eldri og þyngri bankakerfi. Afkoma hefur verið heldur undir væntingum en horfur á seinni hluta árs eru ágætar.

Góður tekjuvöxtur og áfangi í söluferli

Heildartekjur (án IFRS) dótturfélagsins Tempo, sem selur samnefnda hugbúnaðarlausn, námu 5 mUSD í öðrum ársfjórðungi (28% tekjuvöxtur frá F2 2017) og 9,7 mUSD (17% tekjuvöxtur frá 1H 2017). Tekjur síðustu 12 mánaða (e. running revenue) nema 20.7 mUSD sem er 30% aukning á milli ára.

Áskriftartekjur Tempo Cloud jukust um 37% miðað við sama tímabil í fyrra. Hlutfall tekna vegna skýjalausna fór í fyrsta sinn yfir 40% af heildartekjum fyrirtækisins í ársfjórðungnum og hefur ekki verið hærra á síðastliðnum 12 mánuðum, en í júní voru seld 278 ný leyfi.

Viðskiptavininum heldur áfram að fjölga og telja nú 11.822 og þeir nýta sér Tempo stöðugt meira, en sala á viðbótarlausnum til núverandi viðskiptavina hefur styrkst (e. cross sales). Til viðbótar þá skila reglulegar verðhækkningar því að meðalverð viðskiptavina á þjónustu hefur hækkað umtalsvert. Sala til “Enterprise” viðskiptavina styrkist áfram og var 39% af heildartekjum félagsins. Í öðrum ársfjórðungi óx ARR (e. annual recurring revenue) um 71% á milli ára. Viðskiptavinir eru því að nýta Tempo vörurnar betur og halda áfram að fjárfesta í aukinni virkni.

Á Atlassian Summit ráðstefnunni sem haldin verður í næsta mánuði mun Tempo kynna nokkrar nýjar þjónustuleiðir sem verða undirstöður nýrra tekjustrauma framvegis. Viðbætur við þjónustu miða að því að auðvelda viðskiptavinum innleiðingu og notkun á lausnum Tempo og auka um leið líkur á því að þeir endurnýji áskrift eða leyfi. Þessi nýja og bættu þjónustu mun enn bæta hlutfall endurnýjana, en það hefur aldrei verið hærra en nú.

Stjórn Origo hefur gert samkomulag um einkaviðræður um sölu á um þriðjungshlut í Tempo ehf. til HPE Growth Capital („HPE“), alþjóðlegs fjárfestingasjóðs sem sérhæfir sig í fjárfestingum í ört vaxandi tæknifyrirtækjum. Fyrirhuguð sala miðar við að heildarvirði Tempo ehf. sé USD 62,5 milljónir og að HPE eignist um þriðjung hlutfjár í Tempo ehf. HPE mun einnig leggja Tempo til umtalsvert fjármagn til vaxtar og taka í framhaldinu virkan þátt í stefnumótun og stjórnun Tempo.

Að mati stjórnar er áframhaldandi eignarhald Origo á meirihluta í Tempo stórt hagsmunamál fyrir hluthafa enda líklegt að verðmætasköpun næstu ár verði veruleg. Markmið stjórnar með samkomulagi við HPE er að fá til liðs sterkan samstarfsaðila um frekari uppbyggingu Tempo, en jafnframt að tryggja verulega hlutdeild núverandi hluthafa Origo í verðmætasköpun framtíðar.

Með undirritun samkomulagsins hefja aðilar einkaviðræður um kaupin með það að markmiði að komast að samkomulagi um bindandi samning. Viðræður aðila munu byggja á forsendum og skilmálum samkomulagsins að teknu tilliti til niðurstöðu áreiðanleikakönnunar. Gangi viðskiptin eftir er gert ráð fyrir að þeim ljúki í september eða október, en frekari grein verður gerð fyrir þeim þegar endanlegur samningur liggur fyrir.

Horfur í rekstri Tempo eru góðar og gert er ráð fyrir svipuðum eða meiri tekjuvexti og var á síðasta fjórðungi.

Horfur

Búist er við að tekjuvöxtur og afkoma á seinni hluta árs verði heldur betri en fyrstu 6 mánuði ársins og nær því sem hefur verið undanfarin ár.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok fyrri árshelmingis 2018 nam 9.446 mkr., lokaverð hlutabréfa á fyrri árshelmingi var kr. 20,3 á hlut. Fjöldi útgefna hluta þann 30. júní 2018 voru 465 milljónir og voru hluthafar 626 talsins.

Kynningarfundur þann 23. ágúst 2018

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 23. ágúst 2018 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík kl. 08:30. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt er að nálgast streymi af fundinum á heimasíðu félagsins. Kynningarefni af fundinum verður hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, origo.is, að honum loknum., að honum loknum.

Fjárhagsdagatal

31.10.2018	Þriðji ársfjórðungur 2018 uppgjör
30.01.2019	Fjórði ársfjórðungur og ársuppgjör 2018
01.03.2019	Aðalfundur

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Origo hf. þann 22. ágúst 2018. Uppgjör Origo hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Origo hf.

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem varð til við sameiningu Nýherja, Applicon og TM Software. Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Hlutabréf Origo hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu ORIGO.

Í stjórn Origo eru Ívar Kristjánsson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Emilía Þórðardóttir, Loftur Bjarni Gíslason, Guðmundur Jóhann Jónsson og Hjalti Þórarinsson er varamaður stjórnar. Finnur Oddsson er forstjóri Origo.

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@origo.is og Gunnar Petersen framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@origo.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.